

Upplýst er með framburði stefnanda sjálfrar svo og með framburði vitnisins Hrafnhildar Baldvinsdóttur, að þegar stefnandi kom á staðinn, gat henni ekki dulist, að slagsmál höfðu verið og að ryskingar hafi enn staðið yfir á stigapallinum, þegar stefnandi kom þar. Telja verður, að það hafi verið mjög óvarlegt af stefnanda að hætta sér upp stigann, eins og á stóð, og enn óvarlegra að fara að skipta sér af föllnum róstusegg.

Á grundvelli sakarmats þykir því hæfilegt, að stefnandi beri $\frac{1}{4}$ hluta af tjóni sínu sjálf, en framlögðum reikningi frá tannlækni hefur ekki verið hnekkt og miskabótakröfu stefnanda þykir í hóf stillt.

Samkvæmt framansögðu verður stefnufjárhæð tekin til greina með kr. 15.344,25.

Málskostnaður ákveðst kr. 9.000,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Axel Sævar Blomsterberg, greiði stefnanda, Maríu Láru Atladóttur, kr. 15.344,25 með 37% vöxtum af kr. 7.500 frá 28. mars 1982 til 1. maí sama ár, en af kr. 15.344,25 frá þeim degi til 23. ágúst sama ár en með 39% ársvöxtum af kr. 15.344,25 frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 7. desember 1982, en með dómvöxtum skv. l. nr 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 9.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. febrúar 1985.

Nr. 21/1985. **Ólöf Maack Jónsdóttir**

gegn

Bjarka Baldurssyni

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili kærði frávísunardóm bæjarþings Hafnarfjarðar frá

16. nóvember 1984 hinn 4. desember og lét þess getið, að hann hefði fengið vitneskju um dóminn 22. nóvember. Kært var með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kæran barst Hæstarétti 7. febrúar. Kröfur sóknaraðilja eru:

„að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að gefa aðilum kost á að afla þeirra sönnunargagna, er hann telur á vanta án frávísunar málsins en til vara að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

að Ólöfu verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður . . .“

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðilja verði hafnað, og þess, að honum verði tildæmdur kærumálskostnaður.

Lögmaður sóknaraðilja, Þórólfur Kristján Beck hrl., segir í kæru sinni m.a.:

„Frávísunardómurinn byggist á því áliti héraðsdómara að málið er talið vanreifað af þeirri ástæðu að formlegs mats samkvæmt X. kafla eml. nr. 85/1936 hafi eigi verið aflað af hálfu sóknaraðila. Kærandi telur hins vegar að málsaðilar hafi að meginstefnu til sjálfir forræði á hvaða gagna þeir afli í einkamáli og beri halla af sönnunarskorti, ef sönnun brestur. Er og rétt að benda á að héraðsdómari hafnaði ítrekuðum tilmælum um að hann framkvæmdi sjálfur vettvangskoðun á hinu umdeilda teppi, svo sem ætla verður að skylt hafi verið að réttarfarslögum. Kærandi telur að dómvenja standi til þess í slíku tilviki að mál sé endurupptekið að frumkvæði dómara og aðila gefinn kostur á með sérstökum úrskurði að afla tiltekins gagns og að máli, sem þannig er vaxið, sé eigi vísað frá dómi . . .“

Í greinargerð lögmanns varnaraðilja, Jóns Magnússonar hdl., segir m.a., að sóknaraðili hafi ekki sinnt ábendingum dómara um að afla matsgerðar og sé eðlilegt að staðfesta frávísunardóminn, þar sem sóknaraðili hafi ekki aflað nauðsynlegra gagna, sem henni hafi verið í lófa lagið að gera.

Héraðsdómurinn hefur sent Hæstarétti athugasemdir með heimild í 27. gr. laga nr. 75/1973. Segir þar, að hann hafi ekki orðið við tilmælum um að skoða sjálfur hin umdeildu teppi og ekki talið ástæðu til að kveðja til sérfróða meðdómendur. Þá tekur dómurinn fram, að bæði hafi skort matsgerð og önnur viðhlítandi sönnunargögn.

Ekki eru efni til að hnekkja hinum kærða frávísunardómi.
Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.
Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 16. nóvember 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. nóvember 1984, hefur Ólöf Maack Jónsdóttir, 6874-8313, tannsmiður, Laufvangi 10, Hafnarfirði höfðað fyrir dómnum með stefnu, birtri hinn 21. mars 1984, gegn Bjarka Þ. Baldurs-syni, 1173-9547, rafvirkja, Breiðvangi 22, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefnda verði gert að greiða stefnanda fébætur að upphæð kr. 30.792,00 ásamt 32% ársvöxtum frá 1. nóvember 1983 til 20. sama mánaðar, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember sama ár, en 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en 15% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 21. mars 1984, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara, að stefnanda verði tildæmdur afsláttur að upphæð kr. 30.792,00 eða lægri upphæð að mati dómsins ásamt sömu vöxtum og í aðalkröfu greinir.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. að skaðlausu að mati dómsins, og hefur stefnandi lagt fram máls-kostnaðarreikning að fjárhæð kr. 16.024,00.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

II.

Með kaupsamningi, dags. 16. ágúst 1983, keypti stefnandi Ólöf af stefnda Bjarka 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsinu að Laufvangi 10 í Norðurbæ í Hafnarfirði. Húsið var byggt 1969-1970. Stefndi Bjarki hafði átt íbúðina og búið í henni í 3 ár. Gólfteppi á stofu voru um 7 ára gömul ullarteppi með áföstum gúmmíbotni. Stefndi taldi íbúðina hafa litið vel út og veitti ekki athygli neinu athugaverðu við teppin eða fann neina ólykt í íbúðinni, þegar hún skoðaði hana fyrir kaupin. Hún fékk íbúðina afhenta 15. október 1983, sama dag og stefndi flutti út. Fór hún þá að gera íbúðina í stand. Fékk stefnandi, sem er einstæð móðir með 3 börn, það yngsta var á öðru árinu, kunningja sinn eða frænda til þess að

hjálpá sér við að mála. Þegar hún var að handmála neðstu röndina með gólfi í stofu, veitti hún athygli lykt úr teppinu. Fór hún að kanna þetta betur og fann meiri lykt. Reif hún nú teppið upp í einu horninu. Gaus þá upp ólykt og blettur sást á teppisbotninum og á steingólfinu undir teppinu.

Stefnandi frétti, að stefndi hefði haldið hund.

Nágranni upplýsti, að hann hefði einn daginn farið út á svalir til að hengja upp á snúrur. Þá hefði hann fundið lykt og litið niður. Hefði hann þá séð hundaskít um allar svalir hjá Bjarka. Tvær nágrannakonur upplýstu, að hundurinn hefði verið einn í íbúðinni allan daginn, meðan húsráðendur voru í vinnu.

Hringdi nú stefnandi til stefnda og kvartaði við hann og einnig við sölu-manninn á fasteignasölnunni.

Hinn 20. október, 5 dögum eftir að stefnandi tók við íbúðinni, fékk hún teppahreinsunarmenn til þess að koma og hreinsa teppin. Þrátt fyrir þessar hreinsunaraðgerðir fann stefnandi ennþá lykt úr teppinu. Reif hún nú teppin af. Rúllaði hún þeim upp og fór með þau niður í kjallarann í sameigninni. Þar hafa þau síðan verið meðeigendum til lítillar ánægju. Stefnandi klippti bút af teppinu. Fór með hann á fasteignasölnuna og lét sölumanninn þefa af honum þar, úr því að hann fékkst ekki til þess að koma þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Hann fann ólykt. Ekki vildi hann við vitnaleiðslu tilgreina líklega ólyktar-orsök, nema þá helst að svona lykt gæti stafað af teppahreinsunarefnum.

Stefnandi keypti nú ný teppi á stofuna, 36,94 m² á kr. 768 hvern fermetra. Ákomin kostuðu þau kr. 29.892,90. Reikningurinn er dagsettur 31. október, eða hálfum mánuði eftir að stefnandi tók við íbúðinni. Hreinsunarmaðurinn hafði tekið kr. 900,00. Er þá komin stefnukrafa, kr. 30.792,00.

III.

Stefnda Bjarka hefur sagst efnislega svo frá, að hann hafi um jólin eða áramótin, áður en hann seldi, eignast tíkarhvolp, nýlega fæddan. Venjulegan hvolp, ekki kjölturakka. Tíkin óx og reyndist þrífín. Gerði þarfir sínar úti á svölum og var höfð rífa á svalahurðinni, þegar þau hjónin voru ekki heima. Eitthvað virðist þó hafa brugðið útaf eins og gengur, því stefndi mundi eftir, að tíkin hefði í eitt skipti létt af sér þvagi inni, en þá við dyrnar fram á stiga-ganginn, en hreint ekki í neinu horni og þaðan af síður við vegg. Hann fann aldrei neina ólykt í íbúðinni, hvorki fyrir né eftir þann atburð, er tíkin gaut í september. Það hið sama bar heimilisvinur og frændi stefnda, hann fann aldrei neina ólykt. Tók hann fram, að eiginkona stefnda væri mikil myndar-húsfreyja og heimilið allt í sniðum. Þetta sama hafa tvær húsmæður, er vel þekktu til á heimili stefnda, tekið fram í utanréttarvottorðum, en mikill fjöldi þeirra hefur verið lagður fram í máli þessu á báða bóga, flest við aðalflutn-

ing. Lögmenn aðilja höfðu þá í þinghaldi þrem vikum fyrr lýst skriflegri gagnaöflun lokið. Öllum mótmælt sem röngum og óstaðfestum, en gott samkomulag lögmanna um, að þau kæmust að í málinu.

Önnur þessara síðasttöldu kvenna, sem hafði verið heimilisvinur í 10 ár, hjálpaði stefnda og konu hans við að hreingera íbúðina vegna flutninganna, þ. á m. ryksugaði hún teppin og varð ekki vör við, að nein ólykt væri úr teppunum eða af þeim við það tækifæri frekar en áður.

Fram kom hjá stefnda, að hann fékk teppahreinsunarmann — þann hinn sama og hreinsaði fyrir stefnanda hinn 20. október — til þess að hreinsa teppin, áður en hann setti íbúðina í sölu um sumarið. Það var ekki vegna þess að ólykt væri úr teppinu, heldur venjuleg hreinlætisráðstöfun, líkt og þegar loft og veggir og aðrir hlutir íbúðar eru gerðir hreinir.

Teppahreinsunarmaðurinn kom fyrir dóminn. Hann mundi ekki sérstaklega eftir lykt, en mundi, að teppin hefðu verið óhrein í fyrra sinnið sem hann hreinsaði þau, eins og teppi verða gjarna, og mundi, að stefnandi hefði ekki verið ánægð, þegar hann fór í seinna sinnið, þó hefði hann fullkomna hreinsivél með vatnsbúnaði og bestu tegund af hreinsiefni, sem hann þvertók fyrir, að ólykt væri af. Hann tók fram, að hann hefði ekki notað sérstakt ilmefti, sem þó væri til og sumir pöntuðu sérstaklega. Hann sagðist oft hreinsa teppi í íbúðum, þar sem hundar væru, sumir þeirra migju um allt, þó fremur við vegg. Fáir svo vanafastir að nota jafnan eitthvert tiltekið horn eingöngu. Hundahland væri hins vegar tiltölulega lyktarlítið og oftast mikils árangurs að vænta með góðum hreinsitækjum. Kettir oft verri. Hann kvaðst ekki vita um neinn aðilja, sem tæki svona teppi af gólfum og hreinsaði þau, taldi slíkt raunar óframkvæmanlegt. Ef hreinsun teppanna á gólfunum bæri ekki viðunandi árangur, þá væri ekki annað til ráða en að skipta um.

Óþarft er að taka fram, að samkvæmt 57. gr. rgj. nr. 803 frá 20. desember 1982, er hundahald bannað í Hafnarfirði, og ekki er fram komið, að stefndi hafi verið kærður fyrir brot á þessu ákvæði.

IV.

Stefnandi styður aðalkröfu sína við 2. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Stefndi hafi haldið hund og beinlinis séð hann leggja af sér í teppið. Auk þess hafi hundurinn verið einn heima allan daginn. Þetta hafi stefndi átt að upplýsa við söluna. Hann hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína sem seljandi og felld á sig skaðabótaábyrgð. Gallinn, óbætanlegar skemmdir á teppum af völdum hundsins, hafi verið leyndur. Stefndi hafi hulið gallann með því að láta hreinsa teppin fyrir söluna. Þess hafi því ekki verið að vænta, að stefnandi fyndi lykt, er hún skoðaði íbúðina fyrir kaupin, um hásumar og gluggar væntanlega opnir. Íbúðin hafi verið á ábyrgð og áhættu seljanda, stefnda, fram til afhendingar skv. 17. gr. kaupalaga, ef skemmdir af völdum hundsins

teljist að einhverju eða verulegu leyti orðnar eftir skoðun stefnanda og gerð kaupsamnings. Ennfremur stafi þær skemmdir þá af vanrækslu seljanda.

Til grundvallar fjárhæð skaðabótakröfu kveðst stefnandi leggja rauntjón sitt, teppi og efni og vinnu við álagningu teppanna, kr. 29.892,00, að viðbættum kostnaði við teppahreinsun, kr. 900,00 alls kr. 30.792,00.

Varakröfu styður stefnandi við 1. mgr. 42. gr. kaupalaga. Séu skilyrði skaðabótaskyldu ekki talin vera fyrir hendi, þá beri að dæma afslátt. Íbúðin hafi ekki verið þeim kostum búin, sem venjulegt sé um samskonar fasteignir og kaupandi mátti gera ráð fyrir. Hvað fjárhæð afsláttarkröfunnar varðar sé eðlilegt að miða við, hvað kostaði að bæta úr gallanum, sbr. m.a. Hrd. 38: bls. 108. Óeðlilegt sé að lækka þá fjárhæð vegna ávinnings af því að fá ný teppi, þar sem á móti komi óhagræði og vinna, er af gallanum hlaust.

Af hálfu stefnda hefur því eindregið verið mótmælt, að ólykt geti verið leyndur galli. Raunar er af stefnda hálfu málsástæðum þeim, er stefnandi byggir kröfur sínar á, alfarið mótmælt sem ósönnuðum og fjárhæð dómkröfu sem vanreifaðri. Þó hefur það hvorki fyrr né síðar verið orðað í málinu af hálfu stefnda, að vísa ætti málinu frá dómi, hvað þá að frávisunarkrafa hafi verið gerð.

Sérstaka kröfu um lækkun dómkrafna — sú krafa er innifalin í sýknukröfu — hefur stefndi byggt þannig upp að leggja fram vottorð frá nokkrum teppaverslunum um algengt teppaverð, sem hann telur hafa verið í mesta lagi kr. 500 á fermetra af góðum teppum, eins og á íbúðinni voru, og þar sem teppin hafi verið a.m.k. hálfslitin, þá geti tildæmd fjárhæð aldrei orðið hærri en helmingur af kr. $500 \times 36,94 = 18.470$, eða kr. 9.235,00. Yrði sá höfuðstóll tildæmdur, ætti að fella málskostnað niður vegna ófgafullrar kröfugerðar í stefnu og síðan alla stund fyrir dómi.

V.

Er þá komið að þeim þætti máls þessa, sem hvað sérstæðastur er, beitingu umboðsmanna aðilja á ákvæðum 136.-144. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Stefnandi hefur ekki lagt fram matsgerð dómkvaddra manna, og stefndi hefur ekki krafist frávisunar, heldur einvörðungu sýknu.

Í stefnu er matsgerðar að engu getið sbr. f.-lið 88. gr. l. 85/1936. Áskilnaður um dómkvaðningu matsmanna kemur fyrst fram í greinargerð stefnanda. Er á það hafði verið bent í greinargerð stefnda, að matsgerð skorti, var bókað í þinghaldi hinn 4. september, sem boðað var til sáttaumleitana og til þess að ljúka skriflegri gagnaöflun og ákveða aðalflutning: „Lögmáður stefnanda óskaði eftir fresti til þess að kanna hvort umbjóðandi hans óskar dómkvaðningu (sic) matsmanna úr því að sættir takast ekki. Lögmáður stefnda tekur fram að hann samþykki frestinn og samþykki, ef til dómkvaðningar kemur, að aðeins einn matsmaður verði dómkvaddur og framkvæmi matið.“

Lögmaður stefnanda tilkynnti dómaranum símleiðis nokkru eftir þinghaldið hinn 4. september, að umbj. hans teldi sig ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til þess að leggja út fyrir matsgerð, og mundi hann því ekki beiðast dómkvaðningar. Á næsta dómþingi, hinn 4. október, lagði lögmaður stefnanda svo fram skjal, er bar yfirskriftina skoðunargerð og hljóðar svo:

„Að beiðni Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl., fór undirritaður með honum að Laufvangi 10, Hafnarfirði þann 17. september 1984. Tilefnið var að skoða gólfteppi sem verið hafði í stofu og holi í íbúð sem Ólöf Maack Jónsdóttir hafði fest kaup á fyrir ári síðan. Teppin voru geymd upprúlluð í sameign hússins. Við athugun leyndi sér ekki að samkvæmt blettum á undirlagi teppisins, hafði vökvi sigið niður í undirlagið mjög víða. Af megnri stækju sem upp gaus þegar rúllað var út teppastranganum mátti ráða að um hland væri að ræða. Það má álíta að þegar teppið var hreinsað fyrir sölu þá hafi hlandblettir deyfist svo að ekki verði eftir tekið við lauslega skoðun. Því má álíta gallann leyndan. Það má því segja að það hafi verið með öllu óhæft og heilsuspillandi að búa við teppið sem slíkt.

Tilviljum réð því svo að ég sá um lögn á nýja teppinu fyrir um það bil ári síðan og keypt var hjá Pharma í Hafnarfirði. Eru þau af miðlungsgæðum og verði.

Reykjavík, 2. október 1984

Daniel J. Kjartansson, form. Félags teppalagningarmanna.“

Að framanlögðu þessu skjali bað lögmaður stefnda bókað:

„Vegna framlagningar skoðunargerðar á dskj. nr. 12 er henni mótmælt, í fyrsta lagi sem málinu óviðkomandi, í öðru lagi vegna þess að skoðunarmaður er vilhallur, í þriðja lagi er skoðunargerðinni mótmælt sem rangri, og í fjórða lagi er bent á það að hún er ómarktæk sem gagn í máli þessu þar sem ekki er gætt ákvæða einkamálalaga um mats- og skoðunargerðir, hvorki hvað varðar tilkvaðningu skoðunarmanns né framkvæmd skoðunargerðar. Þá er því einnig mótmælt að skoðunarmaðurinn, Daniel J. Kjartansson, hafi nokkra þá sérþekkingu sem gerir hann hæfan til þess að skoða, meta og gefa álit á því deilumáli sem um er fjallað í máli þessu.“

Lögmaður stefnanda bað nú bókað:

„Fyrir hönd umbj. m. vísa ég alfarið á bug framkomnum mótmælum lögmanns stefnda að því er varðar skoðunargerð Daniels J. Kjartanssonar á dskj. 12. Stefnda og lögmanni hans var gefinn kostur á að vera viðstaddir skoðunina sbr. dskj. nr. 11 (afrit símskeyta). Sérstök áhersla skal á það lögð, að lögmaður stefnanda bauð lögmanni stefnda í símtali er fram fór hinn 17.9. 1984, að fresta skoðunargerðinni ef annar tími en ákveðinn hafði verið hentaði betur lögmanni stefnda og umbjóðanda hans.“

Að svo mæltu lýstu lögmennirnir skriflegri gagnaöflun lokið (þeir lögðu

þó síðar fram 9 utanréttarvottorð við aðalflutning).

Ekki er fram komið, að lögmaður stefnanda hafi gert neina tilraun til þess að útvega umbj. sínum gjafsóknarleyfi skv. XI. kafla l. nr. 85/1936.

Formaður Félags teppalagningarmanna, Daniel J. Kjartansson, var meðal þeirra sex vitna, sem auk aðila komu fyrir dóm við aðalflutning. Hann lýsti framangreint vottorð sitt rétt. Hann sá ekki þræuteppið né fann af því lykt, þegar hann lagði nýja teppið í októberlok 1983, enda var þá búið að fjarlægja gamla teppið. Hann mundi ekki eftir neinum hlandblettum á steingólfinu, sem hann lagði nýja teppið á né kæsingarlykt, taldi mögulegt eða líklegt, að búið hefði verið að hreinsa gólfíð. Fram kom, að hann hafði á undan stofuteppinu lagt teppi á annað herbergi eða önnur herbergi í íbúðinni. Þau voru af sömu tegund og nýja teppið, er lagt var á stofuna, en með öðrum lit.

Stefndi telur þarna komna skýringuna á þörf stefnanda fyrir nýtt stofuteppi, það sé miklu smekklegra að hafa teppi í sama stíl á allri íbúðinni og einnig að blanda ekki saman nýju og gömlu. Auk þess sé það mikil og óhófleg bjartσύni að kaupa íbúð með 7 ára gömlum teppum og ætla barni sínu á öðru ári að skríða á þessu, betra sé og raunar ekki annað sæmandi gagnvart barninu en að útvega ný.

VI.

Ítrekaðar tilraunir dómara til þess að fá stefnda til þess að taka þátt í að leysa þetta mál með réttarsátt á sanngirnis- og skynsemisgrundvelli og koma því þannig frá dómi hafa engan árangur borið.

VII.

Álit réttarins.

Í máli þessu standa staðhæfingar annars aðiljans gegn staðhæfingum hins. Hvor aðili um sig hefur lagt fram vottorð og fært fram vitnisburði vina, kunningja eða skyldmenna til þess að styðja mál sitt. Skýrsla teppalagningarmannsins, Daniels J. Kjartanssonar, sem er það vitni, sem helst yrði talið óvilhallt og sérfrótt, er þeim annmarka haldin, að hann var ekki dómkvaddur og naut því ekki þess siðferðilega aðhalds og lagalegu ábyrgðar sem dómkvaðning veitir. Mótmæli stefnda gegn matsgerð dómkvaddra manna hefðu að öllu venjulegu haft sáralitla þýðingu, mótmæli stefnda við þessari skýrslu skipta sköpum fyrir málið. Verra er þó, að hvorki þessi skýrsla né nein önnur gögn í málinu veita viðhlítandi stuðning við ákvörðun fjárhæðar bóta eða afsláttar, ef fallist yrði á greiðsluskyldu, en talið rétt að lækka stefnufjárhæð, svo sem af eftirtöldum ástæðum: Varðandi afslátt, vegna þess að íbúðin hefði við kaupin, að gallanum upplýstum, eigi lækkað í verði sem verði nýrra teppa nam. Varðandi bætur, vegna þess

að bæta hefði mátt úr gallanum með ódýrari hætti eða þá á grundvelli svipaðra sjónarmiða og fram koma í 37. gr. l. 20/1954.

Í lögum nr. 85/1936 eru í 136.-144. grein ákvæði um dómkvaðningu sérfróðra óvilhallra manna til þess að framkvæma mat og skoðun. Með þessum ákvæðum er aðiljum einkamáls opnuð leið til sérstakrar vandaðrar sönnunarfærslu um atriði, sem ella væri torvelt að afla traustra gagna um. Með þessum ákvæðum er ein af grunnreglum réttarfars, andmælaireglan, í heiðri höfð, mat dómarans tekur þá fyrst við, þegar svo traustur grundvöllur máls hefur verið lagður sem kostur er og þegar aðiljar hafa fengið tækifæri til að gagnrýna hvor annars sönnunargögn. Þessa grunnreglu réttarfars og ákvæði einkamálalaga um mat og skoðun hefur stefnandi leitast við að sniðganga. Mál þetta er þannig frá stefnanda hendi vanreifað og málatilbúnaður eigi í samræmi við góða dómsmálavenju og réttarfarslög. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Ekki þykja, eins og í pottinn er búið af stefnda hálfu, efni til þess að dæma honum málskostnað

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. febrúar 1985.

Nr. 218/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

William James Scobie

(Jón Oddsson hrl.)

Ingvari Heiðari Þórðarsyni og

(Örn Clausen hrl.)

Griffith David Scobie

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Rán. Ólögmet nauðung. Þjófnaður. Nytjastuldur. Hilming. Sér-
atkvæði.